

Skýrsla

Guðmundar Inga Guðbrandssonar, samstarfsráðherra Norðurlanda, um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2023.

Árleg skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar á undangengnu ári ber vitni um viðburðaríkt ár. Skýrslan kemur í fyrsta sinn út sem samantekt í hefðbundnu þingskjalsformi samhliða skýrslu um störf Norrænu ráðherranefndarinnar sem miðast við almanaksárið 2023 og er aðgengileg í fylgiskjali.

Norræna ráðherranefndin er opinber samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna og vinnur að sameiginlegum lausnum á þeim sviðum þar sem Norðurlöndin geta náð betri árangri með því að vinna saman en með því að leysa verkefnið hvert í sínu lagi. Samstarfið miðar að því að auka ávinning fyrir löndin og íbúa þeirra með norrænt notagildi að leiðarljósi þar sem samnorrænar aðgerðir mynda virðisauka fyrir löndin og íbúa þeirra á grunni sameiginlegra gilda á borð við traust, gagnsæi og jafnrétti. Umfang starfsins er mikið og mikilvægt Íslandi, þar sem öflugt og umfangsmikið starf fer fram á vettvangi samtals 12 ráðherranefnda, sem hafa embættismannanefndir og aðra vinnuhópa sér til aðstoðar, auk skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem er staðsett í Kaupmannahöfn.

Ísland gegndi formennsku og var því í forsvari fyrir samstarfið á árinu 2023. Yfirskrift formennskuáætlunar Íslands var „Norðurlönd – afl til friðar“ og voru þar áherslur Íslands markaðar í samræmi við framtíðarsýn Norðurlandanna til ársins 2030 um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030, með áherslumálin þrjú um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Einnig var lögð áhersla á frið í formennskuáætluninni og vestnorrænt samstarf. Ísland setti í krafti formennskunnar mark sitt á áherslur og samstarf við hin norrænu löndin. Formennskan var viðamikil og mikilvægt verkefni sem snerti öll ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands.

Áherslur Íslands á formennskuárinu voru greindar niður í 40 verkefni. Góður árangur náðist á árinu við að ljúka meginþorra þessara áhersluverkefna. Af þeim teljast 29 lokið og önnur eru ýmist hafin eða komin vel á veg. Nánari umfjöllun og yfirlit má sjá í 7. kafla í skýrslunni í fylgiskjali.

Vinna við nýja samstarfsáætlun 2025–2030.

Það kom í hlut formennskuríkisins að leiða umfangsmikla vinnu að efnistöfum nýrrar samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2025–2030 á grunni framtíðarsýnarinnar til 2030. Sú vinna heldur áfram á árinu 2024 undir forystu Svíþjóðar. Þessi vinna kallaði á aukið samstarf á formennskuárinu við Norðurlandaráð, norrænar stofnanir, félagsamtök og almenning.

Stefna um framtíðarsýn til ársins 2030 var samþykkt á sumarfundi forsætisráðherra Norðurlanda árið 2019, í formennskutíð Íslands, og nefnist í daglegu tali „framtíðarsýn okkar 2030.“ Árið 2020 var samþykkt framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021–2024, með áherslu á græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Núverandi framkvæmdaáætlun gildir út árið 2024. Vinna við endurskoðun á framkvæmdaáætlun og gerð

samstarfsáætlana fyrir fagráðherranefndir vegna framtíðarsýnar 2030 stóð yfir á árinu 2023. Unnið var eftir skilgreindri tímaáætlun og hófst vinnan í upphafi árs 2023 og mun standa yfir á þessu ári og verða samþykkt í lok þessa árs, 2024, og taka gildi frá og með 2025. Vinnan markast af umræðu um pólitísk forgangsmál, ásamt yfirsýn og endurmati á þeim verkefnum sem unnin hafa verið á undanförunum árum. Vinnu við að móta áherslumál fyrir samstarfsáætlanir fyrir árin 2025–2030 sem og starfsáætlanir fyrir árin 2025–2027 miðar vel hjá ráðherra- og embættismannanefndum.

Pólitískt samtal og samráð við Norðurlandaráð og frjáls félagasamtök.

Á formennskuárinu lagði Ísland sem formennskuríki í Norrænu ráðherranefndinni mikið upp úr góðu samstarfi við aðra aðila í norrænu samstarfi, s.s. Norðurlandaráð og frjáls félagasamtök. Náið samstarf var við formennskuríkið í Norðurlandaráði á árinu, Noreg, m.a. vegna samningaviðræðna um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2024, og hittust aðilar reglulega á árinu. Einnig var þétt samstarf við forsætisnefnd og aðrar nefndir Norðurlandaráðs um áherslur fyrir samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2025–2030.

Norðurlandaráð og samstarfsnet borgaralegra samtaka (Nordic Civ) sendu innlegg í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi nýja samstarfsáætlun með sínum áhersluatriðum í byrjun september 2023. Innleggin eru til meðferðar í fagráðherranefndum.

Vinna við áherslur framtíðarsýnar okkar 2030 á formennskuári.

1. Græn Norðurlönd

Á árinu voru stóðir áframhaldandi samstarfs um sjálfbæra þróun samfélaga okkar treystar. Áhersla var lögð á að deila með öðrum reynslu og góðum árangri í loftslagsmálum, málefnum hafsins og við innleiðingu á hringrásarhagkerfinu og efla þannig samstarf á þessum sviðum. Ísland lagði einnig sérstaka áherslu á að virkja alla samfélagshópa á þessari grænu vegferð.

Meðal verkefna á árinu má nefna eftirfarandi: Aðlögun að loftslagsbreytingum, réttlát umskipti, kolefnishlutleysi, föngun og geymsla kolefnis, græn umbreyting í sjávarútvegi og við nýtingu á auðlindum hafsins, orkuskipti, sérlega þátt endurnýjanlegrar orku í auknu orkuöryggi, réttlát umskipti, o.fl.

2. Samkeppnishæf Norðurlönd

Áhersla Norðurlanda á grænan hagvöxt ásamt þekkingu og nýsköpun er lykill að aukinni samkeppnishæfni. Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á að allir íbúar Norðurlandanna ættu kost á að vera virkir þátttakendur í stafrænni þróun og gætu nýtt möguleika hennar. Sameiginlegur vinnumarkaður, mikill mannauður Norðurlanda og frjáls för fólks og fyrirtækja um svæðið mun gera Norðurlöndum kleift að takast á við margvíslegar breytingar og áskoranir komandi ára.

Meðal verkefna á árinu má nefna eftirfarandi: Þekking og nýsköpun og möguleikar sem felast í stafrænni þróun, aðgangur rannsakenda að norrænum heilbrigðisgögnum, aðkoma ungs fólks að opinberri umræðu, áhrif heimsfaraldurs á vinnumarkað, verðmætat starfa og kynskiptur vinnumarkaður, menningar- og listalíf styrkt og þróað með aukinni nýsköpun og tengslum listafólks, afnám norrænna stjórnsýsluhindrana, atvinnuþáttaka allra hópa í samfélaginu, o.fl.

3. Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Jöfnuður, félagsleg velferð, traust, jafnrétti og lýðræðisvitund – þessi grunngildi tengja norrænu löndin órofa böndum og á þeim byggjast samfélög okkar. Á formennskuárinu setti Ísland meðal annars í forgunn norrænt samstarf í heilbrigðismálum, jafnrétti og réttindi hinsegin fólks, nýjar stafrænar lausnir sem auka aðgengi fólks og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða þegar grænu umskiptin eiga sér stað.

Meðal verkefna á árinu má nefna eftirfarandi: Bætt lýð- og geðheilsa, forvarnir, fyrirbyggjandi og snemmtækar aðgerðir, samþætting félags- og heilbrigðisþjónustu svo eldra fólk lifi lengur sjálfstæðu lífi, bættur heilsuviðbúnaður, nýjar rafrænar lausnir verði aðgengilegar fötluðu fólki, greina framtíðaraskoranir í vinnuvernd, mótuð sameiginleg norræn stefna um stafræna máltækni, gagnkvæmur tungumálaskilningur íbúa Norðurlanda, barnvæn samfélög, jafnrétti og réttindi hinsegin fólks, með áherslu á transfólk og intersex fólk, o.fl.

Friðarráðstefna.

Í formennskutíð Íslands var lögð áhersla á að varpa ljósi á mikilvægi friðar sem undirstöðu mannréttinda, velferðar, kvenfrelsis og umhverfis- og loftslagsverndar. Áherslan á frið réðst ekki síst af innrás Rússlands í Úkraínu og áhrifa innrásarinnar sem gætir um alla Evrópu og víðar. Friður gegnir lykilhlutverki í að gera Norðurlöndin græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær.

Friðarráðstefnan var einn af hápunktum formennskuársins og var haldin í Hörpu 10.–11. október 2023 undir yfirskriftinni: „The Imagine Forum: Nordic Solidarity for Peace.“ Ráðstefnan var sérstakt frumkvæði Íslands og var haldin í samvinnu við Höfða friðarsetur og styrkt af m.a. Norrænu ráðherranefndinni, og naut einnig stuðnings frá norrænum friðarsetrum. Markmiðið tókst að gera ráðstefnuna sem áhugaverðasta, bæði fyrir fræðasamfélagið og almenna borgara, og var þar leiddur saman öflugur hópur skapandi hugsuða til að taka þátt í samtali milli kynslóða um hvernig efla mætti norrænt samstarf í þágu friðar. Ráðstefnan var vel sótt en einnig fylgdust margir með henni í streymi og eru upptökur af ráðstefnunni aðgengilegar á heimasíðu Höfða friðarseturs hjá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

Mikilvægi norræns samstarfs.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá nóvember 2021 er kveðið á um að öflugt norrænt samstarf verði áfram grundvallarþáttur í alþjóðlegu samstarfi Íslands.

Samanlagt eru Norðurlönd ellefta stærsta hagkerfi heims með samtals 27 milljónir íbúa. Mikilvægt er að hlúa að og styrkja norrænt samstarf, vera virkir þátttakendur og leitast við að miðla þekkingu og reynslu Íslands á sama tíma og við njótum þess sama frá hinum norrænu löndunum og að vera hluti af stærri heild. Norðurlönd eru sterkari saman.

Í skýrslunni er einkum leitast við að bregða ljósi á þau mál sem efst voru á baugi í norrænu samstarfi á árinu, mál sem Ísland lagði áherslu á og verkefni sem Ísland beitti sér fyrir á formennskuárinu. Því vísast til skýrslunnar fyrir nánari upplýsingar.

Fylgiskjal.

**Skýrsla Guðmundar Inga Guðbrandssonar, samstarfsráðherra
Norðurlanda, um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2023.**

www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s0956-f_I.pdf